

33. háskólaþing Háskóla Íslands

haldið 17. apríl 2024

Dagskrá

Kl. 13.00-13.05	Rektor setur háskólaþing og fer yfir dagskrá og tímaáætlun og gerir grein fyrir fundargögnum (5 mín.).
Kl. 13.05-13.25	<u>Dagskrárliður 1.</u> Rektor reifar mál sem eru efst á baugi hjá Háskóla Íslands (20 mín.).
Kl. 13.25-13.35	<u>Dagskrárliður 2.</u> Tilnefning þriggja fulltrúa og þriggja varafulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráð Háskóla Íslands fyrir tímabilið 1.7.2024-30.6.2026 (10 mín.). Málsmeðferð: a) Kynning á framboðum og fyrirkomulagi rafrænnar kosningar meðan á þinginu stendur (10 mín.).
Kl. 13.35-14.05	<u>Dagskrárliður 3.</u> Örnám: Stutt, sveigjanlegt, hagnýtt (30 mín.). Málsmeðferð: a) Kynning, Steinunn Gestsdóttir, aðstoðarrektor kennslumála, og Halla Jónsdóttir, endurmenntunarstjóri (15 mín.). b) Umræður (15 mín.).
Kl. 14.05-14.25	<u>Dagskrárliður 4.</u> Notendamiðuð þjónusta og stafræn umbylting (20 mín.). Málsmeðferð: a) Kynning, Sæunn Stefánsdóttir, þróunarstjóri HÍ (10 mín.). b) Umræður (10 mín.).
Kl. 14.25-14.40	Kaffihlé (15 mín.)
Kl. 14.40-15.40	<u>Dagskrárliður 5.</u> Áhrif gervigreindar á nám og kennslu (60 mín.). Málsmeðferð: Fjórar stuttar framsögur: a) Hafsteinn Einarsson, lektor við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild (5 mín.). b) Sigurbjörg Jóhannesdóttir, verkefnisstjóri á kennslusviði (5 mín.). c) Magnús Þór Torfason, dósent við Viðskiptafræðideild (5 mín.). d) María Rós Kaldalóns, nemandi í hugbúnaðarverkfræði við Verkfræði- og náttúruvísindasvið (5 mín.). e) Umræður (40 mín.).
Kl. 15.40-15.45	<u>Dagskrárliður 2 (frh.).</u> Tilnefning þriggja fulltrúa og þriggja varafulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráð Háskóla Íslands fyrir tímabilið 1.7.2024-30.6.2026. Málsmeðferð: b) Niðurstaða kosningar (5 mín.).
Kl. 15.45	Rektor slítur háskólaþingi

Kl. 13.00-13.05 Setning háskólaþings

Rektor setti háskólaþing og bauð þingfulltrúa velkomna. Greindi hann frá því að þetta væri 33. háskólaþing Háskóla Íslands, en fyrsta háskólaþing, sem þá hét háskólafundur, var haldið 4.-5.

nóvember 1999 og var viðfangsefni þess að móta sameiginlega vísinda- og menntastefnu fyrir Háskóla Íslands. Haldnir voru 25 háskólafundir, en árið 2008 var nafninu breytt í „háskólaþing“ og er þetta, eins og áður sagði, 33. þingið, eða ef allt er talið hið 58.



Háskólaþing er haldið í samræmi við [lög um opinbera háskóla nr. 85/2008](#) og [reglur um skipan og fundarsköp háskólaþings nr. 984/2008 með síðari breytingum](#). Háskólaþing er samráðsvettvangur háskólasamfélagsins þar sem fram fer umræða um þróun og eflingu Háskóla Íslands. Þingið fjallar um og tekur þátt í að móta sameiginlega stefnu Háskóla Íslands að frumkvæði rektors. Háskólaráð getur leitað umsagnar háskólaþings um hvaðeina sem varðar starfsemi Háskóla Íslands og ráðið getur einnig falið þinginu umfjöllun um fagleg málefni og akademíska stefnumörkun. Háskólaþing er ályktunarbært um þau málefni sem það telur að varði hag háskólasamfélagsins.


Á háskólaþingi eiga fast sæti rektor, forsetar fræðasviða, deildarforsetar og kjörnir fulltrúar fræðasviða, fulltrúar helstu stofnana Háskóla Íslands og samstarfsstofnana hans, kennarafélaga og stúdenta auk fulltrúa starfsmanna stjórnsýslu og fulltrúa úr háskólaráði. Tæplega 100 manns sitja háskólaþing að þessu sinni.




Fundargerð síðasta háskólaþings, sem haldið var 17. janúar sl., var send þingfulltrúum. Engar athugasemdir bárust við fundargerðina og skoðast hún því samþykkt.

Loks fól rektor Magnús Diðrik Baldurssyni, skrifstofustjóra rektorsskrifstofu, að vera fundarritari.

Kl. 13.05-13.25 Dagskrárliður 1 Rector reifar mál sem eru efst á baugi hjá Háskóla Íslands







Kl. 13.25-13.35
Dagskrárliður 2
Tilnefning þriggja fulltrúa og þriggja varafulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráð
Háskóla Íslands fyrir tímabilið 1.7.2024-30.6.2026

Magnús Jökull Sigurjónsson, lögfræðingur á skrifstofu rektors, gerði grein fyrir málinu, en kjörstjórn var falin honum og ritara háskólaþings. Í 6. gr. laga um opinbera háskóla nr. 85/2008 er kveðið á um skipan háskólaráðs í háskóla þar sem eru fleiri en 5.000 nemendur. Þar segir að auk rektors eigi sæti í ráðinu tíu fulltrúar, tilnefndir til tveggja ára í senn, þ.e. þrír fulltrúar háskólasamfélagsins tilnefndir af háskólaþingi, tveir fulltrúar tilnefndir af stúdendum, tveir fulltrúar tilnefndir af háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og þrír fulltrúar tilnefndir af þeim fulltrúum sem fyrir eru í háskólaráði.

Tilnefning fulltrúa háskólasamfélagsins (þriggja aðalmanna og þriggja varamanna) fyrir tímabilið 1. júlí 2024 til 30. júní 2026 fer fram á þessu háskólaþingi. Í 3. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 er mælt fyrir um hvernig staðið skuli að tilnefningunni. Í samræmi við reglurnar var auglýst eftir ábendingum og framboðum um fulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráð á ytri og innri vef Háskólans þremur vikum fyrir þingið. Framboðsfrestur rann út 5. apríl sl.

Alls bárust 8 framboð og uppfylla þau öll skilyrði 3. gr. reglnanna um að frambjóðendur skuli vera akademískir starfsmenn Háskóla Íslands í fullu starfi, þ.e. a.m.k. 75% starfshlutfalli, en þó hvorki forseti fræðasviðs, deildarforseti né varadeildarforseti. Gögn um starfsvettvang frambjóðenda og stutt lýsing á starfsferli þeirra voru send út með fundarboði fyrir þingið og gert er ráð fyrir að þingfulltrúar hafi kynnt sér þau.

Í framboði eru:

- Aðalheiður Jóhannsdóttir, prófessor við Lagadeild á Félagsvísindasviði
- Eydís Kristín Sveinbjarnadóttir, prófessor við Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild á Heilbrigðisvísindasviði
- Hólmfríður Garðarsdóttir, prófessor við Mála- og menningardeild á Hugvísindasviði
- Ólafur Pétur Pálsson, prófessor við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði og tölvunarfræðideild á Verkfræði- og náttúruvísindasviði
- Ragný Þóra Guðjohnsen, lektor við Deild menntunar og margbreytileika á Menntavísindasviði
- Silja Bára R. Ómarsdóttir, prófessor við Stjórn málafræðideild á Félagsvísindasviði
- Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir, prófessor við Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild á Heilbrigðisvísindasviði
- Yrsa Bergmann Sverrisdóttir, prófessor við Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild á Heilbrigðisvísindasviði

Atkvæðisbærir fulltrúar eru:

- Rektor (1)
- Forsetar fræðasviða eða eftir atvikum staðgenglar þeirra (5)
- Deildarforsetar eða eftir atvikum varadeildarforsetar (26)
- Fulltrúar kjörnir af fræðasviðum (þeir eru samstals 17)
- Fulltrúi Félags háskólakennara (1)
- Fulltrúi Félags prófessora (1)
- Fulltrúar kjörnir af starfsmönnum við stjórnsýslu (2)

- Fulltrúar tilnefndir af stofnunum, einn fyrir hverja stofnun. Stofnanirnar sem um ræðir eru:
 - Endurmenntun Háskóla Íslands (1)
 - Landsbókasafn Íslands - háskólabókasafn (1)
 - Landspítalinn (1)
 - Raunvísindastofnun Háskólans (1)
 - Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (1)
 - Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum (1)
 - Þjóðminjasafn Íslands (1)

Stúdentar hafa ekki atkvæðisrétt í þessari kosningu, þar eð þeir hafa nú þegar kosið sína tvo fulltrúa í háskólaráði í sérstakri kosningu. Með atkvæðisrétt fara því samtals 60 þingfulltrúar, en af þeim sækja 56 þetta háskólaþing.

Kosningin átti upphaflega að fara þannig fram að farið væri inn á sérstakan kosningavef á Uglu þar sem finna mátti rafrænan kjörseðil og fengu atkvæðisbærir fulltrúar í morgun sendan tölvupóst með slóð á kosningavefinn. Því miður liggur Ugla niðri og mun líklega gera það eitthvað fram eftir degi. Hefur því verið brugðið á það ráð að prenta út kjörseðla og útbúa kjörkassa sem er hér aftast í salnum.

Á kjörseðlinum eru nöfn frambjóðenda í stafrófsröð. Hver atkvæðisbær fulltrúi greiðir skriflega atkvæði sitt með því að merkja við nafn þriggja (og aðeins þriggja) frambjóðenda. Kjörfundur stendur til kl. 14.25.

Þegar atkvæði hafa verið talin skulu þau þrjú sem flest atkvæði hljóta tilnefnd sem fulltrúar háskólasamfélagsins í háskólaráði. Þau þrjú sem verða í 4.-6. sæti eru tilnefnd sem varamenn. Sá varamaður sem flest atkvæði hlýtur er varamaður fyrsta aðalmanns, annar er varamaður annars aðalmanns og þriðji er varamaður þess þriðja. Þó er áskilið að fulltrúar háskólasamfélagsins í háskólaráði séu starfandi á ólíkum fræðasviðum, þannig að ef meðal þeirra þriggja sem flest atkvæði fá í kosningunni eru tveir af sama fræðasviði færast sá sem er með færri atkvæði niður í fjórða sæti og verður varamaður þess sem flest atkvæði hlaut. Á sama hátt gildir að ef allir þrír sem flest atkvæði fá í kosningunni eru af sama fræðasviði færast þeir sem eru í öðru og þriðja sæti niður í það fjórða og fimmta og verða varamenn þeirra sem eru í fyrsta og öðru sæti. Ef atkvæði eru jöfn í vali á milli manna skal hlutkesti ráða. Í lok þingsins kl. 15.40 verður niðurstaða kosningarinnar kunngjörð.

Þá spurði Magnús Jökull hvort einhver þingfulltrúi gerði athugasemd við það verklag við kosninguna sem hér hefur verið lýst og var svo ekki og því gengið til kosningar.

Kl. 13.35-14.05

Dagskrárliður 3

Örnám: Stutt, sveigjanlegt, hagnýtt

Steinunn Gestsdóttir, aðstoðarrektor kennslumála, og Halla Jónsdóttir, endurmenntunarstjóri, gerðu grein fyrir málinu. Fyrst tók Steinunn til máls.



Bakgrunnur

- Breytingar á lögum um háskóla fyrir á þessum mánuði: Heimild til að bjóða örnám
- Kemur til framkvæmda á háskólalárinu 2025–2026
- Örnám skal meta til ECTS-eininga
- Allt að 59 ECTS
- Lítur sama gæðakerfi og annað nám



Af hverju örnám?

Örnám er flaggskip Evrópusambandsins í sí- og endurmenntun á háskólastigi

- Ahersla á sameiginlega Evrópska umgjörð

Stutt nám sem eykur möguleika fólks á að bæta við sig sérhæfðri færni eða þekkingu og getur opnað leiðir til áframhaldandi náms

- Ætlað að mæta þörf fyrir nýja færni í ljósi nýrra áskorana eða tækifæra
- Mikilvægt að það sé alveg ljóst hvers konar færni nemendur öðlast
- Stendur eitt eða meira inn í lengra nám - er ætlað að vera "staflanlegt" í stærri námsgráðu



Opinn og alþjóðlegur	Sjálfbærni og fjölbreytileiki	Allt á grunn- gæða	Góður vinnustaður
ÞVERFAGLEGT STAF Stutt nám sem er opinn og alþjóðlegur staflur náms, sem er byggður á samvinnu og samstarfi. ALÞJÓÐLEGT Stutt nám sem er opinn og alþjóðlegur staflur náms, sem er byggður á samvinnu og samstarfi. OPINN OG ALÞJÓÐLEGT Stutt nám sem er opinn og alþjóðlegur staflur náms, sem er byggður á samvinnu og samstarfi. STAF Stutt nám sem er opinn og alþjóðlegur staflur náms, sem er byggður á samvinnu og samstarfi.	SVIÐSÍÐUR Stutt nám sem er opinn og alþjóðlegur staflur náms, sem er byggður á samvinnu og samstarfi. SVIÐSÍÐUR Stutt nám sem er opinn og alþjóðlegur staflur náms, sem er byggður á samvinnu og samstarfi. SVIÐSÍÐUR Stutt nám sem er opinn og alþjóðlegur staflur náms, sem er byggður á samvinnu og samstarfi. SVIÐSÍÐUR Stutt nám sem er opinn og alþjóðlegur staflur náms, sem er byggður á samvinnu og samstarfi.	OPINN OG ALÞJÓÐLEGT Stutt nám sem er opinn og alþjóðlegur staflur náms, sem er byggður á samvinnu og samstarfi. OPINN OG ALÞJÓÐLEGT Stutt nám sem er opinn og alþjóðlegur staflur náms, sem er byggður á samvinnu og samstarfi. OPINN OG ALÞJÓÐLEGT Stutt nám sem er opinn og alþjóðlegur staflur náms, sem er byggður á samvinnu og samstarfi. OPINN OG ALÞJÓÐLEGT Stutt nám sem er opinn og alþjóðlegur staflur náms, sem er byggður á samvinnu og samstarfi.	OPINN OG ALÞJÓÐLEGT Stutt nám sem er opinn og alþjóðlegur staflur náms, sem er byggður á samvinnu og samstarfi. OPINN OG ALÞJÓÐLEGT Stutt nám sem er opinn og alþjóðlegur staflur náms, sem er byggður á samvinnu og samstarfi. OPINN OG ALÞJÓÐLEGT Stutt nám sem er opinn og alþjóðlegur staflur náms, sem er byggður á samvinnu og samstarfi. OPINN OG ALÞJÓÐLEGT Stutt nám sem er opinn og alþjóðlegur staflur náms, sem er byggður á samvinnu og samstarfi.

AURORA örnám - dæmi

Understanding Europe


- Þróað og kennt af HI og háskólunum í Duisburg-Essen
- Hýst í Duisburg-Essen
- Þverfaglegt - opið grunnnemur í öllum fræðigreinum
- Fjarnám en staðarlota í Amsterdam
- 2 x 5 ECTS námskeið og 20 ECTS verkefni = 30 ECTS



AURORA örnám - dæmi

Sustainability & Climate Change

- Háskólinn í Innsbruck
- Þverfaglegt á MS stigi
- Val á milli 10 eða 30 ECTS örnáms
- 2 x 5 ECTS námskeið frá Innsbruck háskóla
- 2 x 10 ECTS námskeið í eigin skóla og/eða öðrum Aurora skóla



Tvær útfærslur verða mögulegar

- Deildir skipuleggja og bjóða fram örnám beint
- Deildir skipuleggja örnám í samstarfi við Endurmenntun HI sem annast framkvæmdina

Örnám við HI – möguleg sérstaða

Gæði



Ný færni



Alþjóðlegt



Staflanlegt



Tímalína

Vor / sumar 2024: Mótun Heildsýntar sýnar HÍ á örnám	Haust 2024: Kynningar innan húss Mótun nýrra örnámseilda	Áramót 2024- 2025: Örnámseildir tilbærar fyrir kennsluskóla	Vor 2025: Markaðssetning örnáms	Haust 2025: Kennsla í örnámi hefst
---	--	---	---------------------------------------	--



Að kynningu Steinunnar lokinni tók Halla Jónsdóttir til máls.



Gamalt vín á nýjum belgjum?

- Belgurinn skiptir neytandann máli.
- Aðgengi að einingabæru námi með sveigjanleika.
 - Gæði tryggð.
 - Rafraen votun.
 - Hægt að nýta milli skóla, jafnvel landa.



Endurmenntun Háskóla Íslands

- 40 ára reynsla og sérþekking
- 5000 nemendur á ári
- 400 námskeið í boði tengd lífi og starfi
- 8 námsbrautir (2-4 misseri)
- Samstarf við 350 kennara
- Samstarf við atvinnulíf
- Samstarf við svið og deildir HÍ



- 40 ára reynsla og sérþekking
- Skýr umgjörð um samstarf við deildir
- Sterk staða á markaði
- Tengt við atvinnulíf og markhópinn
- Sérstíð námsumjónarkerfi
- Þjónustustig

Að kynningum loknum gaf rektor orðið laust.

Deildarforseti Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideildar sagði mikinn áhuga vera fyrir málinu innan deildarinnar og væri það þar til skoðunar. Spurði hún hvaða formkröfur giltu um örnám, hvernig væri háttað „staflanleika“ örnámseininga og hvað slíkt nám megi vera gamalt til að það teljist til annars náms.

Steinunn Gestsdóttir sagði að ekki væri lengur til staða heimild til að bjóða 30 ECTS diplómanámsleiðir heldur aðeins örnámsleiðir. Því þyrfti annað hvort að breyta núverandi

diplómanámsleiðum í örnám eða stækka þær í bakkalárnámsleiðir. Örnám geti verið allt niður í 3 ECTS, en varðandi hæfniviðmið væri einnig talað um færni. Sagði hún engin fyrirmæli hafa verið gefin varðandi skilyrði staflanleika námsins enn sem komið er, en nemendur muni þurfa að sýna fram á hvaða nám þeir hafa tekið og deildir munu þurfa að meta að hvaða leyti það passar inn það í nám sem fyrir er.

Kjörinn fulltrúi Félagsvísindasviðs lagði orð í belg varðandi umræðuna um staflanleika örnáms og sagði Stjórn málafræðideild hafa boðið upp á stutt hagnýtt nám í jafnréttisfræðum og að vel kæmi til greina að geta staflað því upp í meistaragráðu.

Steinunn sagði að það yrði væntanlega að einhverju marki undir hverri og einni deild komið hvernig „staflanleiki“ verði skilgreindur, en þó liggi fyrir að ekki verður unnt að stafla upp örnámi til heillar bakkalár- eða meistaragráðu.

Spurt var hver inntökuskilyrði verði fyrir örnám á vettvangi Endurmenntunar HÍ.

Halla Jónsdóttir svaraði því til að örnámið verði skipulagt í samstarfi við deildir og muni þær því ákveða inntökuskilyrði í námið.

Forseti Menntavísindasviðs fagnaði tilkomu örnámsins og sagði að á fræðasviðinu væri boðið upp á mikið af opnum einingabærum námskeiðum sem örnám gæti verið skýr farvegur fyrir. Endurmenntun HÍ mun væntanlega vinna málið áfram í samstarfi við deildir. Endurmenntun mun e.t.v. geta hýst gáttina. Einnig spurning um fjármögnun námsins, einingar og skrásetningargjald.

Forseti Hugvísindasviðs tók undir með kollega sínum af Menntavísindasviði og sagði örnám vera áhugaverðan valkost. Mikilvægt væri að ræða hinar ýmsu hliðar málsins betur innan Háskóla Íslands, s.s. einingafjöldann og hvort örnám geti verið námsleið.

Forseti Félagsvísindasviðs vakti máls á því að á Íslandi væri nú kominn fjölbreyttur markaður fyrir margvíslega endurmenntun og spurði hvort gerðar væru sambærilegar gæðakröfur til aðila á þessum markaði.

Kjörinn fulltrúi Menntavísindasviðs sagði tilkomu örnáms vera í senn spennandi og ruglingslega. Til dæmis virðist ekki ljóst hver sé munurinn á örnámi þessu og þeim einingarbæru námskeiðum sem í boði séu á vettvangi Menntavísindasviðs. Einnig væri mikilvægt að vita hvernig örnámið yrði fjármagnað og hvort nemendur myndu greiða fyrir námið eftir gjaldskrá Háskóla Íslands eða Endurmenntunar.

Annar kjörinn fulltrúi Menntavísindasviðs sagði það vera mikilvægt að námsframboð Háskóla Íslands væri gegnsætt og að það léki ekki vafi á því hvenær tiltekið nám væri vistað hjá deild og hvenær hjá Endurmenntun eða jafnvel annarstaðar.

Steinunn Gestsdóttir sagði að örnám væri í raun námsleiðir, þótt þær geti verið mjög smáar. Endurmenntun HÍ verði lykilaðili við skipulagningu og framkvæmd námsins. Varðandi endurmenntunarmarkaðinn á Íslandi þyrftu stjórnvöld menntamála að taka það samtal við stéttarfélag og aðra sem að málinu koma.





Halla Jónsdóttir sagði að ekki væri skipulegt gæðaeftirlit með öllum þeim aðilum sem bjóða endurmenntun á Íslandi. Örnám á vettvangi Háskóla Íslands/Endurmenntunar HÍ verði þó alltaf



akademískt nám byggt á ECTS námseiningum og slíkt nám er aðeins í boði hjá viðurkenndum háskólum. Ekki hafi verið útfært hvort námið verði fjármagnað af nemendum eða t.d. með styrkjum frá stéttarfélögum.

Til máls tóku undir þessum lið, auk Steinunnar og Höllu, þau Amalía Björnsdóttir, Helga Bragadóttir, Gyða Margrét Pétursdóttir, Kolbrún Pálsdóttir, Ólöf Garðarsdóttir og Stefán Hrafn Jónsson,

Kl. 14.05-14.25 Dagskrárliður 4 Notendamiðuð þjónusta og stafræn umbylting

Sæunn Stefánsdóttir, þróunarstjóri, gerði grein fyrir málinu.









Þjónustuborðið

- Zendesk hefur verið tekið í notkun sem beiðnakerfi
- Netspjall nú á tveimur stöðum, þjónustuborði og upplýsingateknivöð, í stað 12 öðra
- Skipulagð og þjónustuborð sameinað 2023
- Ný verkfæri til þjónustuborðs eins og bókun kennslustofa, húsnaðis fyrir ráðstefnur og umsjón gistiðubúa fyrir fræðafólk
- Ýmislegt að gerast á borð við 4 vottorð fyrir nemendur sem nú eru orðin rafræn, þ.á.m. vottorð um námsferlyfirlit

Tölfræði



Næstu skref

- Leggjast yfir gögnin sem til eru
- Aðvörðun um Zendesk og þróun þess
- Stafræn umbreyting — breyta ferlum, sjálfvirknivæðing, hagræðing
- Samtal við fræðasvið og stjórnsýslusvið
- Breyting á menningu





Rector gave the word.

Enginn tók til máls undir þessum lið.

Kl. 14.25-14.40
Kaffihlé

Kl. 14.40-15.40
Dagskrárliður 5
Áhrif gervigreinar

Undir þessum dagskrárlið fóru fram fjórar 5 mín. framsögur og að þeim loknum umræður. Fyrstu framsöguna flutti Hafsteinn Einarsson, lektor við Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild.



1. Jafnt aðgengi að mállíkönum



- Með miðlægri lausn getur háskólinn tryggt öllum nemendum jafnt aðgengi að ólíkum spjallmennum og mállíkönum.
- Þetta er mikilvægt til að tryggja jafnrétti og jöfn tækifæri fyrir alla nemendur, óháð fjárhagslegri stöðu eða tæknikunnáttu.

2. Gagnsæi í notkun mállíkana



- Miðlæg lausn gerir háskólanum kleift að fylgjast með hvernig nemendur nýta mállíkönin í námi sínu.
- Þetta getur hjálpað til við að greina notkunarmynstur, bera kennsl á möguleg vandamál eða misnotkun og veita nemendum leiðsögn um ábyrga og siðferðislega notkun þessarar tækni.
- Með því að hafa yfirsýn yfir samskipti nemenda við mállíkön getur skólinn einnig metið árangur og áhrif þeirra á námsárangur og gæði náms.

3. Stöðluð notkun mállíkana



- Háskólinn getur sett fram forskriftir um hvernig mállíkön eigi að svara nemendum fyrir tiltekin verkefni.
- Þetta gæti t.d. falið í sér leiðbeiningar um hvernig á að svara fyrirspurnum, hvernig á að túlka og vinna úr niðurstöðum og hvað nemandinn á að gera sjálfur.
- Með því að útbúa staðlaðar forskriftir fyrir mállíkön, getur skólinn stuðlað að samræmi í kennsluáðferðum og aukið gæði námsins.

4. Þjálfun sérsniðinna mállíkana



- Gögnin sem safnast með notkun miðlegrar lausnar geta nýst við þróun og þjálfun sérhæfðra mállíkana fyrir háskólann.
- Þessi gögn gætu innihaldið algengar fyrirspurnir, sértæk hugtök og orðaforða sem tengjast námssviðum skólans.
- Með því að þjálfna mállíkön á þessum gögnum gæti háskólinn búið til sérsniðin spjallmennir sem eru betur í stakk búin til að svara spurningum og veita aðstoð sem er í takt við námsefni skólans.

Næstu framsögu flutti Sigurbjörg Jóhannesdóttir, verkefnisstjóri á kennslusviði.

Áhrif gervigreindar á nám og kennslu
Nemendur og gervigreind:
Að undirbúa þá fyrir framtíðina

Háskólaþing Háskóla Íslands, 17. apríl 2024
© 2024 - CC BY-SA 4.0 Sigurbjörg Jóhannesdóttir



Áskoranir kennara ...



Áskoranir kennara ..



Leiðbeiningar fyrir notkun gervigreindar í HÍ



Notkun gervigreindar skal uppfylla öll siðferðileg viðmið sem gilda innan Háskóla Íslands um notkun á hugverkum annarra.

Notkun gervigreindar í tilvikum þegar slíkt hefur ekki verið heimilað af kennara felur í sér brot á reglum Háskóla Íslands um akademískt misferli og getur haft í för með sér agaviðurlög.

Stefnu- og gæðaráð Háskóla Íslands. (2023, 4. maí). Leiðbeiningar fyrir gervigreindar í Háskóla Íslands. https://assets.webbotte-files.com/64509deac867711338a2cc8a164a4275c4d7459d40816f944_Leidingar%20fyrir%20gervigreind%20ISI.pdf



Verkfærin sem kennarar hafa aðgang að til ritskimunar frá íslenskum stjórnvöldum



- Feedback Studio
 - Tvær viðbætur í Canvas
 - Eigið vefsvæði á Turnitin.com
 - Turnitin App í iOS snjalltækjum
- Similarity
 - Viðbót í Inspira
 - Viðbót í Microsoft Teams

Þessi forrit greina samsvörum við útgefinn texta sem hefur ratað í gagnagrunn Turnitin, texta á vefsíðum og nemendaritgerðir

Þau segja einnig til um hversu hátt hlutfall texta (á ensku) sé skrifaður með risamállíkönum.



LIÐAMLEGUR ÞROSKI

Fjallab var um vísit og þessla íslenskra stúlkur í rannsókn áttu þrósóttur frá árinu 2000 í þeirri rannsókn tók 5526 börn þátt og af því 2775 stúlkur. Þannig er rannsóknin var rannsóknir í grunnskólum og framhaldsskólum við um landið. Rannsóknin fór fram í húsunum

skólanna og fengjó var samþykki fyrir rannsókninni frá foreldrum barnanna og skólafyrirðum. Fyrir rannsóknina var framkvæmt líkamskobni á unglingum, mæld hæð, þyngd og þykki hliðfellinga. Einnig var aflað upplýsinga um febringurþyngd barnanna, fjölda systkina og föð barna (höpi systkina, fjölskyldustærð, hvort barnið sé föðberi, áður foreldra og stófr) og síðan var metið kynþroskastig samkvæmt Tanner aðferðinni.

19%

Submitted to University, Research Paper 14%
Submitted to University, Research Paper 2%
Submitted to University, Research Paper 2%
Submitted to University, Research Paper 1%

Additional Points:

One noteworthy aspect of the paper is its comprehensive approach, combining quantitative data analysis with qualitative insights from industry experts. This approach enhances the credibility of the findings and provides a well-rounded understanding of the relationship between CER practices and corporate sustainability.

Moreover, the paper emphasizes the need for proactive measures to overcome barriers to CER adoption, such as raising awareness and addressing resource constraints. This practical advice can guide organizations in their sustainability journeys.

In conclusion, "Sustainability Practices in the Modern Business Environment" by Dr. Sarah Smith and Dr. John Davis is a valuable contribution to the field of corporate environmental responsibility and business sustainability. Its rigorous methodology, clear findings, and practical implications make it a valuable resource for academics, practitioners, and policymakers seeking to enhance sustainability efforts within organizations.

Getum við treyst því að þessi forrit fari með rétt mál þegar þau segja að ákveðið hlutfall sé skrifað með risamallikani?

Já og nei

Það eru til fleiri forrit en frá Turnitin sem geta sagt til um hvort texti sé skrifaður með gervigreind eða ekki

Er það raunverulega það sem við viljum... að leita uppi texta skrifaðan með málíkönunum?

Hvaða hæfni viljum við að nemendur okkar hafi þegar þeir útskrifast frá Háskóla Íslands?

Viljum við að þeir hafi hæfni til að vinna með mismunandi verkfæri gervigreindar? Kunni að fara með þau og hafi þjálfun í að greina áreiðanleika efnis og vinna rétt með það?



Myndir - heimildir

Openai. (2024). Myndir í þessu glærusetti eru búnar til af ChatGPT 4 með eftirfarandi skipunum:

- Glæra 2 - Make a watercolor and ink illustration of a teacher conducting traditional assessments in higher education, emphasizing the old-fashioned way of writing theses without the aid of artificial intelligence. The style is abstract and splashy, capturing the essence of conventional academic work.
- Glæra 3 - Make a watercolor and ink illustration of a teacher standing at a symbolic crossroad, with paths diverging to represent the allowance and prohibition of artificial intelligence in student learning. Do make the scene depicted in an abstract and splashy style.
- Glæra 8 - Do make an image that is abstract and splashy watercolor and ink illustration of a large language model in a humanoid form, analyzing a manuscript to check if it's written by a language model. Make the scene fuses traditional artistic elements with futuristic technology.
- Glæra 9 - Do make an image where the scene should be depicted in an abstract and splashy style. The illustration showcases an ensemble of large language models being utilized by students in higher education.
- Glæra 10 - Do make an image that is abstract and splashy watercolor and ink illustration of an adult artificial intelligence efficiently in their jobs, featuring various professionals like a doctor, an engineer, a marketer. The scene creatively merges traditional art with digital elements to depict the integration across different job sectors.

Þriðju framsöguna flutti Magnús Þór Torfason, dósent við Viðskiptafræðideild.

Hlaðborð á nammibarnum

Reynsla eins kennara af því að gefa notkun á gervigreindarlausnum frjálsa

MAGNÚS ÞÓR TORFASON
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

Gervigreind og áföllin þrjú ...

- Hvernig getum við metið frammistöðu nemenda þegar þau hafa aðgang að gervigreindarlausnum?
 - Próf, verkefni, annað sem gervigreindarlausnir geta unnið
 - Verður bara erfiðara efir því sem lausnunum fleygir fram
- Hvað eigum við að kenna þegar við vitum að þau munu hafa aðgang að gervigreindarlausnum í sínu starfi?
 - Raunveruleg hættu á að gervigreindarlausnir geri erfiðara að tileinka sér nauðsynlega grunnþekkingu og -færni
 - Á hverju sviði verður þó áskorunin að finna þessa samlegð
- Hvað ef mannfólkið hættir að hafa mikið til málanna að leggja yfir höfuð?
 - Látum hverjum degi nægja sína þjáningu ...



Fjórar „lausnir“ – sem virka ekki

- Treysta á staðreyndavillur líkananna
- Nota gervigreind til að grípa gervigreind
- Gera kröfu um að tengja við eigin reynslu
- Skila verkefnum á íslensku

Seriously, Google?



For example, as a college student, I excelled in mathematics while my classmate was strong in history. Though I was proficient in both subjects, my comparative advantage was in mathematics, and my classmate's was in history. By forming a study group where I helped my classmate with math and they assisted me

1. L...
W...
S...
M...
O...
 2. L...
W...
S...
M...
O...
- Revise the original explanation to include example 3 as if it is a personal experience of the writer.
- Comparative advantage is an economic concept that explains how individuals or countries can benefit from specializing in production made or services that can create more efficiently and

Krafa um textagerð á íslensku

Hér eru uppfærð hæfniviðmið fyrir námskeiðið Nýsköpun, sett fram samkvæmt stigum

Bloom:

Nýmyndun/Sköpun:

Minni:

- Skilgreiningu
- Lýst
- Rakið
- Skilgreiningu
- Útskýringu

Mat:

- Lagt mat á gæði viðskiptatækifera og styrk viðskiptalíkana.
- Rökstutt val á mögulegum leiðum í fjármögnun sprotafyrirtækis.
- Meið hvaða þættir skipta mestu máli varðandi samsetningu stofnneyms.
- Vegið og meið lafnvegjó milli þess að sækjast eftir auði eða stjórni í sprotafyrirtæki.

Loks komu þau á áfangastað, fallegan skógarreit með kristaltærri á rennandi í gegnum

Viðbrögð / Mín „lausn“

- Gefa nemendum leyfi til að nýta gervigreindarlausnir á hvaða hátt sem er í námskeiðinu — hláðborð á nammibarnum
- Gera kröfu um að greina frá hvernig þær eru nýttar (en án áhrifa á námsmat)
- Styðja við notkun lausna með leiðbeiningum og umræðum
- Byggja meira á munnlegum prófum

Útkoma / Viðbrögð nemenda

- Ekki sjáanleg merki í upphafi um að nemendum hafi tekist að „svindla“ — að verkefni hafi verið of auðveld vegna gervigreindar (á meistarastigi)
- En erfiðara að meta í ár en í fyrra
- Nemendum gekk misvel, sum settu orku í að læra á mál líkónin, önnur nýttu þau minna
- En mun mein þekking í ár en í fyrra
- Notkun við smíði á endanlegum texta varð mun minni en ég hafði átt von á — í fyrra ...
- En meiri í ár, og líklega enn meiri á næsta ári

TEGUND	VERKNEIÐ STYTT AF NEMANDI	VERKNEIÐ STYTT AF HLUTLA AF SJÁLFLERENDI	VERKNEIÐ ALGJÖRLEGA AF SJÁLFLERENDI
VAL Á EFTIR OG MÖTUN KENNINGAR	Nemandi veldur viðfangsefni og notast kenninger ári aðstoðar. Ef stjálflerendi var notast var það ákmarkað við tilögur og aðstoðar.	Sjálflerendi aðstoðar við að bætumasta viðfangsefnið eða nota kenninger; en upprunaleg hugmynd var nemandans.	Val á hugmynd, efni, kenning og formsetning verkefnisins var algerlega umráð af stjálflerendi.
RAUNDÖNN OG SÖFNUM GAGNA	Nemandi framkvæmir skjálflur alla vinnu nemandans og safstafi þögum ári, eða með allar lítil aðstoð stjálflerendis.	Sjálflerendi aðstoðar við að finna heimildir og aðstoðarþögur en framkvæmir ekki raunverulega fyrir nemandans.	Sjálflerendi framkvæmir stannsta, eða allan, hluta gagnasöfnunar raunverulega.
GREINING OG RÖKSTUTTUN	Nemandi greindir skjálflur til þögur og samantit sem notast eru til að viðbragða kenninger verkefnis. Sjálflerendi gætt hafa aðstoðar við að veita greiningarskiðir verkefnis.	Sjálflerendi aðstoðar við greiningu og rökstuttdætti; en byggir ekki upp rök fyrir nemandans.	Sjálflerendi tá aðallega eða algerlega um að greita þögur og rök á rökstuttdætti verkefnis.
SKIPULAG OG DRÖP	Rammi verkefnisins, m.a. íngangur, efnisgreining og rökstuttdætti, eru skipulagðir og settir fram af nemandans. Aðstoð stjálflerendis var támarkað við endurgjöf og málögur.	Sjálflerendi aðstoðar við að skipuleggja raunverulega verkefnisins eða við að finna meirila þess en í höndum þess var umráð af nemanda.	Verkefnið var aðallega eða algerlega skipulagt og skrifað af stjálflerendi.
RETTSTYRNING OG LÖGA VERKNEIÐ	Nemandi framkvæmir skjálflur alla endurskiðun og endurnotun á verkefnis. Sjálflerendi gætt hafa sett fram málögur og tilögur.	Nemandi notast stjálflerendi til að endurskiða og endurnóta verkefnið að stjálflerendi hafi en upprunalegar hugmyndir og greiningar voru nemandans.	Sjálflerendi gætt allar eða rástast allar breytingar og endurskið.



Fjórdðu og síðustu framsöguna flutti María Rós Kaldalóns, nemandi í hugbúnaðarverkfræði við Verkfræði- og náttúruvísindasvið.

„Ég talaði um gervigreind í námi í fyrra á ráðstefnu kennsluakademiunnar, sem er ekki í frásögur færandi nema hvað að ég spurði ChatGPT, mállíkanið góða, fyrir tæpu ári síðan: „Hvernig myndir þú útskýra ChatGPT fyrir fólki sem skilur ekki flókið tæknimál?“ Og út úr því fékk ég nokkrar skemmtilegar setningar eins og: „Þú getur hugsað því sem mjög flókin og völdugur spjallsamtalsrobot. Það lærir með því að fá dæmi um hvernig fólk kommuniserar.“ Og svo finnst mér þessi síðasta málsgrein ótrúlega krúttleg: „Hann hefur ekki tilfinningar, getur ekki upplifað eða gert álitismögulegar niðurlög. Hann er bara tölvuforrit sem reynir að gera sitt besta til að svara spurningum.“

Í gær spurði ég mállíkanið nákvæmlega sömu spurningar: „ChatGPT er eins konar snjallræði, eða tölvuprógram sem getur átt samtal við fólk á náttúrulegan hátt, eins og það væri að tala við annan mann. Hugsaðu um það eins og Siri eða Google Assistant, en í stað þess að svara bara einföldum spurningum eða gefa veðurspár, getur ChatGPT rætt við þig um næstum hvað sem er, skrifað texta eða hjálpað þér að læra nýja hluti. Það er eins og að hafa spjallfélagi sem aldrei þreytist eða þarf að hvíla, alltaf tilbúið að hjálpa þér eða halda þér félagsskap.“

Svarið var töluvert hnitmiðaðra, skýrara og íslenskan töluvert skárri. Þetta staðfestir það sem við vissum svo sem öll: Bara vegna þess að mállíkönin sem eru í boði í dag geta ekki leyst ákveðin verkefni eða búa ekki yfir nægum sannfæringarmætti þýðir það ekki að sú verði alltaf raunin. Staðreyndin er sú að þessi mállíkön eru komin til að vera og verða sífellt betri í að leysa flókin verkefni.

Við getum gripið til einhverskonar skammtímalausna til að sporna gegn því að mállíkön séu misnotuð í háskólanámi, eins og margir kennarar hafa gert nú þegar. Þessar lausnir eru svo sem ekkert sérlega skapandi eða flóknar, til dæmis stærri og fleiri próf. En hvernig getum við kennt nemendum að nota gervigreind á ábyrgan hátt án þess að það bitni á „menntun þeirra“? Ég held ég geti ekki endilega svarað því EN: Það sem við viljum helst fyrir nýnema er að þeir myndi tengsl innan háskólans svo þau séu líklegri til að þrauka fyrsta árið sitt og þá líklegri til að útskrifast. En ástæðan fyrir að þessi tengsl hafa svona mikil áhrif eru að sjálfsögðu margþætt: Einn af þessum þáttum er að við lærum af hvort öðru með því að spyrja, útskýra og spegla skilning okkar í hvert öðru.

Ég held að þessi þáttur sé „styrktur“ af mállíkönnum eins og chatgpt, þar hafa nemendur spjallsamtalsrobot sem þau geta spurt og útskýrt fyrir og fengið endurgjöf á sinn eigin skilning. Það er nefnilega ákveðin list að fá gagnlegar upplýsingar úr chatGPT. Það er það sem mállíkön hafa framyfir klassíska googlið, það er hægt að fara út í smáatriðin án þess að tapa öllu samhengi. Þegar við leitum til mállíkansins til þess að aðstoða okkur við að leysa vandamál þarf að útskýra vel hvert vandamálið er og allt samhengi sem því þarf að fylgja, þessar upplýsingar sem við gefum mállíkaninu eru svipaðar, ef ekki nákvæmari en við myndum gefa dæmatímakennara í tölvupósti. En mállíkanið getur svarað þér strax.

Þessi samskipti sem eiga sér stað kenna nemandanum helling, nemandinn þarf að útskýra vel hvert verkefnið er og þarf að leiðrétta mállíkanið þegar það túlkar upplýsingar ekki rétt eða spúir einhverju rugli, sem er frekar oft.

Mállíkönin spara nemendum líka dýrmætan tíma - þau gætu fengið allar upplýsingar sem þau fá frá mállíkönnum annars staðar, frá Youtube, Google, vefsíðum, kennslubókum, glærum, fyrirlesturum eða öðrum nemendum. Og þó mállíkönin geti ekki algjörlega komið í staðinn fyrir þessa hluti - þá spara þau oft talsverðan tíma þar sem leitin er orðin hnitmiðaðari. Að spara tíma er mikilvægur þáttur í lífi háskólanemans þar sem vinnuálag nemanda sem er í 30 einingum á önn er um það bil 63 klukkustundir á viku samkvæmt efri mörkum um vinnuálag eininga. Það væri náttúrulega frábært að geta lesið tvær bækur um línulega bestun, mætt í fyrirlestur, horft á nokkur youtube myndbönd, mætt í dæmatíma og talað við samnemendur á nokkrum dögum til að leysa eitt heimaðæmi en það er erfitt að búa til tíma fyrir það.

Leiðir nemenda til að öðlast skilning eru fleiri en nokkru sinni fyrr en því fylgir að sjálfsögðu líka að leiðir til að komast hjá því að leysa verkefni sjálf eru fleiri líka.

Þegar nemendur leggjast yfir internetið til að reyna að leysa verkefnin sem við stöndum frammi fyrir eru langflestir nemendur með sama markmið: Við viljum öðlast skilning á efninu. Við viljum að sjálfsögðu öll geta fengið 10 í stærðfræðigreiningu 2, leyst hvert einasta heimaðæmi lokuð inn í herbergi með símann á airplane mode! Það er draumurinn. En oft er það bara svoleiðis að við þurfum meiri hjálp, meiri upplýsingar og fleiri leiðir til að ná tökum á efninu. Ég hvet kennara til að kynna sér hvar gervigreindin getur aðstoðað og hvar ekki – jafnvel til að kynna nemendur ykkar fyrir heiðarlegum leiðum til þess að nýta sér verkfærin.“

Rektor þakkaði framsögufólki og gaf orðið laust.

Forseti Verkfræði- og náttúruvísindasviðs þakkaði fyrir inngangserindin og sagði að kennarar við fræðasviðið hefðu um tíma brugðist við áskorunum gervigreindar með því að færa sig yfir í símat, en nú væri það að snúast við að frumkvæði nemenda.

Forseti Hugvísindasviðs sagði að gervigreindartæknin væri komin til að vera og ekki valkostur að hlaupast undan þeim áskorunum sem hún felur í sér. Gervigreind sé öflugt verkfæri sem mikilvægt sé að nýta til góðs. Varðandi kennsluáðferðir og námsmat séum við kannski að fara í hringi og komið að því að leggja aftur aukna áherslu á munnleg próf, mannleg samskipti og samtal.

Deildarforseti Viðskiptafræðideildar gerði að umtalsefni hugleiðingu Hafsteins Einarssonar um að Háskólinn kostaði áskrift nemenda að gervigreindarlausnum. Sagði hann myndi verða dýrt fyrir skólann og að bókhald utan um slíkar áskriftir yrði flókið. Þá væri spurning hvort slíkt bókhald myndi ekki falla um sjálft sig því nemendur gætu eftir sem áður viljað nota ókeypis lausnir eða greiða sjálfir fyrir dýrari lausnir.

Hafsteinn Einarsson sagði það vera sína skoðun að ekki ætti að hætta að nota símat. Hann væri sjálfur að kenna námskeið um stærðfræðimynstur og væru haldin tíð próf og ef nemendur nái þeim ekki fái þau annað tækifæri. Þetta auki ekki vinnuálag því gervigreind sjái um endurgjöfina. Nái nemendur öllum prófunum þurfi þeir ekki að taka lokapróf eða það hafi minna vægi. Prófin séu til að kanna hvort nemendur læri í raun og veru. Slíkt símat virki vel.

Fulltrúi nemenda sagði það vera bakslag ef farið yrði aftur í stór lokapróf. Margar aðrar leiðir væru færar til að kanna þekkingu nemenda en að láta þá sitja í þögn og skrifa á pappír í þrjár klukkustundir, s.s. munnlegar kynningar nemenda og minni próf eða símat.

Magnús Þór Torfason sagðist ekki hafa dregið úr notkun símats en vægi lokaprófa væri að jafnaði 25-50%. Hann hefði áður mikið notað stærri lokapróf, en freistingin til að nota gervigreind væri mikil og því nýtti hann í vaxandi mæli munnleg próf. Ekki væri gott að vera með „high stakes“ mat heldur frekar „drilling exercises“. Fljótlegt væri að láta gervigreind búa til reikningsdæmi og önnur verkefni. Með þessum hætti opnuðust margir möguleikar á að bæta símat með fjölbreyttum aðferðum.

Rektor sagði vel koma til greina að Háskóli Íslands keypti hugbúnaðarlausnir á sviði gervigreindar rétt eins og gert væri á öðrum sviðum. Mikilvægt væri að fylgjast vel með því sem aðrir háskólar eru að gera og læra af því. Gervigreind væri framtíðin og nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því og þjálfa nemendur í að nota breytta tækni því þeirra sé framtíðin.

Kjörinn fulltrúi Menntavísindasviðs sagði það vera kennslufræðilega afturför að fara á ný í stóru lokaprófin. Um leið væri það skiljanlegt að kennarar sem eru undir miklu álagi hafi lítinn tíma til kennsluþróunar. Því skipti miklu máli að styðja við kennara.

Forseti Menntavísindasviðs þakkaði fyrir góðar kynningar og sagði það vera afar mikilvægt að tryggja jafnt aðgengi að gervigreind. Varðandi umræðuna um kennslufræði og námsmat sagði hún það vera svarta sviðsmynd að hverfa aftur til einhliða áherslu á lokapróf. Þá hugnaðist henni ekki sú framtíðarsýn að kennarar geri verkefni með gervigreind, nemendur svari með gervigreind, gervigreind fari yfir verkefnin og að gervigreind taki yfir hlutverk aðstoðarkennara. Í öllu þessu mætti ekki gleyma því að hlúa að mennskunni.

Aðstoðarrektor kennslumála þakkaði fyrir góðar kynningar og umræðu. Sagði hún að nú væru spennandi tímar og margar áskoranir. Gott væri að sjá að víða innan Háskóla Íslands væri verið að ræða málefni gervigreindar, s.s. á vettvangi Kennsluakademíu opinberu háskólanna, Kennslumiðstöðvar og kennslusviðs HÍ. Einnig væri fróðlegt að heyra frá kennurum hvernig þeir eru að þróa sig áfram.

Deildarforseti Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideildar fagnaði umræðunni um gervigreind og varpaði fram þeirri spurningu hvort tilkoma gervigreindar í námi og kennslu kallaði á endurskoðun kennslualmanaks Háskóla Íslands sem sett var fram í allt öðrum veruleika.

Deildarforseti Lagadeildar sagði að við deildina væru lokapróf enn mikið notuð, en verkefnaskil hefðu þó aukist talsvert á síðustu árum. Sagði hann kennara Lagadeildar hafa mikið velt fyrir sér gervigreind, enda væri lögfræði grein þar sem mikið er unnið með texta. Þróun gervigreindar er hröð og á meðan við erum að læra á þessa nýju tækni verðum við að viðhalda gæðum í náminu til að missa ekki trúverðugleika.

Magnús Þór sagði gervigreind hafa hvatt sig til að vinna í Canvas, bæta innviði, leiðbeiningar o.s.frv. Gervigreindin væri hjálpleg í þessu öllu saman því hún væri svo fljót. Aðstoðarkennarar væru líka leið sem hann hefði gert tilraunir með. Þótt miklar breytingar væru fram undan þyrftum við enn um sinn að nýta hefðbundin tæki og tól og finna leiðir til að samþætta þær við gervigreind. Mikilvægt væri að halda áfram að leggja mat á nám, en við þyrftum að nýta meira „intrinsic motivation“. Nemendur vilji fá endurgjöf þótt það sé ekki til prófs.

Til máls tóku undir þessum lið, auk rektors og framsögufólks, þau Ásta Jóhannsdóttir, Gylfi Magnússon, Helga Bragadóttir, Kolbrún Þ. Pálsdóttir, Magnús Þór Torfason, María Rós Kaldalóns, Ólöf Garðarsdóttir, Sigurður Magnús Garðarsson, Steinunn Gestsdóttir og Trausti Fannar Valsson.

Kl. 15.40-15.45

Dagskrárliður 2 (frh.)

Tilnefning þriggja fulltrúa og þriggja varafulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráð Háskóla Íslands fyrir tímabilið 1.7.2024-30.6.2026 Niðurstaða kosningar

Magnús Jökull greindi frá niðurstöðu kosningarinnar f.h. kjörstjórnar. Atkvæðisrétt höfðu 56 viðstaddir þingfulltrúar. Gildir kjörseðlar voru 53, en 3 voru auðir eða ógildir. Niðurstaða kosningarinnar var á þá leið að flest atkvæði hlaut Silja Bára R. Ómarsdóttir og verður hún því aðalmaður í háskólaráði. Næstflest atkvæði hlaut Ólafur Pétur Pálsson og verður hann því aðalmaður í háskólaráði. Þriðja í atkvæðagreiðslunni varð Hólmfríður Garðarsdóttir og verður hún því aðalmaður í háskólaráði. Varamaður Silju Báru R. Ómarsdóttur verður Ragný Þóra Guðjohnsen. Í 5.-6. sæti voru jafnar Aðalheiður Jóhannsdóttir og Þórdís Katrín Þorsteinsdóttir og þurfti því að varpa hlutkesti um hvor þeirra verður varamaður Ólafs Péturs Pálssonar og hvor verður varamaður Hólmfríðar Garðarsdóttur. Niðurstaðan varð sú að Þórdís Katrín verður varamaður Ólafs Péturs og Aðalheiður verður varamaður Hólmfríðar.

Sagði Magnús Jökull þá lokið kjöri fulltrúa og varafulltrúa háskólasamfélagsins í háskólaráð Háskóla Íslands fyrir tímabilið 1. júlí 2024 til 30. júní 2026.

Fleira var ekki gert og þakkaði rektor öllum sem höfðu framsögu á þinginu og þeim sem tóku þátt í umræðum fyrir þeirra framlag og sleit háskólaþingi kl. 15.45.

Útsend gögn fyrir 33. háskólaþing 17. apríl 2024:

1. Dagskrá 33. háskólaþings 17. apríl 2024.
2. Listi yfir fulltrúa á háskólaþingi.
3. Fundargerð 32. háskólaþings 17. janúar 2024.
4. Kynning á framboðum til setu í háskólaráði 1.7.2024-30.6.2026.